

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2021, fimmtudaginn, 25. nóvember, var haldinn 23. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var opinn og haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur – borgarráði og hófst kl. 16.04. Fundinn sat Dóra Magnúsdóttir og Gústav Adolf Bergmann. Eftirtaldir fulltrúar íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Guðrún Elísabet Ómarsdóttir og Hilmar Jónsson. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Kristinn Reimarsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Petta gerðist:

1. Lögð fram tilnefning íbúasamtaka í hverfinu vegna fulltrúa íbúasamtaka í íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis, Sigurður Lúðvík Stefánsson tekur sæti varamanns í ráðinu í stað Ingibjargar Lilju Ómarsdóttur.
2. Fram fer umræða um viðhald á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundar í borgarhlutanum.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Háaleitis og Bústaða hvetur borgaryfirvöld að taka viðhald í skólum borgarhlutans föstum tókum á næstu mánuðum. Grunn- og leikskólabyggingar ásamt húsnæði fyrir frístund í hverfunum eru flestar komnar til ára sinna og viðhaldi hefur ekki verið sinnt eins og þörf var á.

- 16.18 tekur Gísli Kr. Björnsson sæti á fundinum.
- 3. Fram fer umræða um endurreist Íbúasamtök Bústaða- og Fossvogshverfis.
- 4. Fram fer umræða um vinnutillögur að hverfisskipulagi í Háaleitis- og Bústaðahverfi.
- 5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 8. nóvember 2021 um niðurstöður kosninga í Hverfið mitt í Háaleitis- og Bústaðahverfi.
- 6. Lagt fram erindi Íbúasamtaka Háaleitis dags. 25. nóvember 2021 um málefni hverfisins.
- 7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
- 8. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir vegna Borgin okkar 2021 – hverfin. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Breiðagerðisskóla styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna verkefnisins Rötum og sköpum.

Samþykkt að veita Fræ til framtíðar styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna verkefnisins Snjallræktun í skólum.

Samþykkt að veita Taktur & sköpun ehf styrk að upphæð kr. 130.000,- vegna verkefnisins Jóla diskó.

Öðrum umsóknum hafnað.

- 17:09 viku Guðrún Elísabet Ómarsdóttir af fundi og aftengist fjarfundarbúnaði undir afgreiðslu umsóknar Foreldrafélags Breiðgerðisskóla.
- 17.11 viku Gísli Kr. Björnsson af fundi.
- 17.16 tekur Guðrún Elísabet Ómarsdóttir sæti á fundi á ný með fjarfundarbúnaði.
- 17:28 tekur Sigurður Lúðvík Stefánsson sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

9. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Gunnhildi Lilju Sigmundsdóttur styrk að upphæð kr. 250.000,- vegna verkefnisins 7. bekkur mælir með.

Samþykkt að veita Taktur & sköpun Ehf styrk að upphæð kr. 42.500,- vegna verkefnisins Jóla diskó.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Fossvogsskóla styrk að upphæð kr. 500.000,- vegna verkefnisins Efling félagsanda meðal barna og foreldra í Fossvogsskóla.

Samþykkt að veita Stefáni Helga Henryssyni styrk að upphæð kr. 66.000,- fyrir þremur söngstundum og bensínkostnaði vegna verkefnisins Stjórnun söngstunda og undirleikur og söngur í félagsmiðstöðinni Hæðagarði haust 2021 2 september til 16 desember.

10. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar 2021 – Háaleitis- og Bústaðarhverfi. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Breiðagerðisskóla styrk að upphæð kr. 380.000,- vegna verkefnisins Snjallræði og stafrænt uppeldi.

Öðrum umsóknum hafnað.

- 17:46 viku Guðrún Elísabet Ómarsdóttir af fundi og aftengist fjarfundarbúnaði undir afgreiðslu umsóknar Foreldrafélags Breiðgerðisskóla.
- 17.48 tekur Guðrún Elísabet Ómarsdóttir sæti á fundi á ný með fjarfundarbúnaði.

Fundi slitið kl. 17:59

Dóra Magnúsdóttir

Gústav Adolf Bergmann
Guðrún Elísabet Ómarsdóttir

Sigurður Lúðvík Stefánsson
Hilmar Jónsson